



Samstarfssamningur Náttúrustofu Norðausturlands og Náttúrurannsóknastöðvarinnar við Mývatn

Náttúrustofa Norðausturlands og Náttúrurannsóknastöðin við Mývatn gera með sér eftirfarandi samning um samstarf:

Markmið

Markmið samningsins er koma á samstarfi um rannsóknastarf, nýtingu aðstöðu, og eftir atvikum kennslu/fræðslu sem tengist Mývatni og Laxá. Þetta markmið náist með samstarfssamningi þessum milli Náttúrustofu Norðausturlands annars vegar og Náttúrurannsóknastöðvarinnar við Mývatn hins vegar. Lögð verði áhersla á að efla rannsókn- og fræðastarf á sviði náttúrufræða í Þingeyjarsýslum og að samstarf stofnananna leiði til þekkingar og menntunar í hæsta gæðaflokki, sem standist í einu og öllu alþjóðlegan samanburð og stuðli að aukinni atvinnu í héraðinu.

Forsendur aðila

Náttúrustofa Norðausturlands er rannsóknastofnun á sviði náttúrufræða sem starfar skv. lögum nr. 60/1992 um Náttúrufræðistofnun Íslands og náttúrustofur, s.br. lög nr. 92/2002.

Náttúrurannsóknastöðin við Mývatn er rannsóknastofnun á sviði náttúrufræða og starfar skv. lögum nr. 97/2004 um verndun Mývatns og Laxár í S-Þingeyjarsýslu.

Aðstaða

Náttúrustofa Norðausturlands og Náttúrurannsóknastöðin við Mývatn munu samnýta aðstöðu og tækjabúnað til kennslu og rannsókna. Starfsmenn Náttúrurannsóknastöðvarinnar hafi aðgang að tækjum og öðrum rannsóknabúnaði í samráði við starfsmenn Náttúrustofunnar. Náttúrustofan láti starfsmönnum Náttúrurannsóknastöðvarinnar eða sérfræðingum tengdum rannsóknaverkefnum hennar í té tímabundna skrifstofuaðstöðu sé þess nokkur kostur enda sé um að ræða rannsóknir sem tengjast rannsóknasviðum stofunnar. Starfsmenn Náttúrurannsóknastöðvarinnar hafi einnig aðgang að kennslu- og fyrirlestrasal í húsnæði Náttúrustofunnar. Starfsmenn Náttúrustofunnar eða sérfræðingar tengdir rannsóknaverkefnum hennar hafi aðgang að húsnæði sem og tækjum og öðrum rannsóknabúnaði Náttúrurannsóknastöðvarinnar í samráði við starfsmenn hennar.

Kennsla/fræðsla

Náttúrustofa Norðausturlands og Náttúrurannsóknastöðin við Mývatn stefni að samvinnu um móttöku og fræðslu nemendahópa af öllum skólastigum, eftir því sem aðstæður leyfa. Stofnanirnar stefni ennfrémur að því í sameiningu að koma á fót náms skeiðum/námsverkefnum á háskólastigi er tengjast lífríki Mývatns og Laxár. Einnig munu stofnanirnar eiga með sér samstarf um fræðslufyrirlestra fyrir almenning og félagasamtök.

Rannsóknir

Náttúrustofa Norðausturlands og Náttúrurannsóknastöðin við Mývatn munu eiga samstarf um náttúrufarsrannsóknir á Norðausturlandi. Sérfræðingar Náttúrustofunnar og Náttúrurannsóknastöðvarinnar leitist almennt við (1) að miðla upplýsingum úr rannsóknum sínum á milli (2) að aðstoða hverja aðra í rannsóknaverkefnum þar sem aukins mannafla þarf við og (3) að vinna saman að stærri verkefnum og rannsóknáætlunum á sameiginlegum áhugasviðum.

Stofnanirnar leitist við að sækja sameiginlega um rannsóknastyrki í samkeppnissjóði, og mynda sterk rannsóknarteymi með öðrum innlendum og erlendum stofnunum. Sérstök áhersla verður lögð á þátttöku nemenda í B.S., M.S. og Ph.D. námi í slíkum verkefnum.

Fjármögnun

Samningur þessi miðast við að stofnanirnar geti nýtt rannsóknar- og kennsluáðstöðu samstarfsaðilanna sér að kostnaðarlausu ef hún er til reiðu og samkomulag næst um nýtinguna hverju sinni milli þeirra sem í hlut eiga. Kostnaður vegna kennslu/fræðslu og einstakra rannsóknarverkefna verður metinn í hverju tilviki fyrir sig og gerður upp milli stofnananna.

Desember 2004

f.h. Náttúrustofu Norðausturlands

f.h. Náttúrurannsóknastöðvarinnar við Mývatn

Porkell Lindberg Þórarinsson

Árni Einarsson